

Vitavörður skal vera þægilegur í viðmóti við þá, sem óska að sjá vit- **156**
ann, og skýra þeim frá ásigkomulagi allra vitafæra.

Á þeim tíma, er logar á vitanum, leyfist engum aðkomandi manni að ganga í vitann.

57. gr.

Refsa skal samkvæmt hinum almennu hegningarlögum hverjum þeim sem af ásettu ráði, hirduleysi eða strákskap skemmir nokkurt vitafæri, hvort fast er eða laust.

Reykjavík, 21. október 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa **157**
prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins í Hruna í Árnesprófastsdæmi, sjera **21. okt.**
Steindórs Briems, og tillögum yðar, hr. amtmaður og yðar hr. biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri 15×11 álnir að stærð, járnvarið á þaki og 3 hlíðum, allt um kring fódrað pappa, með svonefndu »brotnu« þaki og kvisti á annari hlíð, kjallara 10×7 álnir, skúr við apturhlíð hússins 9×4 álnir, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari hluti lánsins verði eigi útborgaður fyrir en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, og váttryggt fyrir 3800 kr. að minnsta kosti, að lánið ávaxtist, og endurborgist með $\frac{1}{28}$ árlega auk vaxta á næstu 28 árum að telja frá því lánið er tekið, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með skúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og göng, að presturinn eða dánarbrú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu, að lánið er veitt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til hreppsnefndaroddvítans í N.-hreppi um uppboðslaun **158**
fyrir sölu óskilafjár. — Þjer hafið, herra hreppsnefndaroddvíti, í þóknanlegu brjefi, **23. okt.**
dagsettu 16. f. m., skýrt frá því, að breppstjórinn í N.-hreppi, N. N. á N., hafi

158 nú um 10—20 undanfarin ár tekið $\frac{1}{3}$ af andvirði óskilafjár, er selt hafi verið í 23. okt. hreppnum. Af andvirði óskilafjár þess, er selt var í nefndum hreppi 1895, hafði umgetinn hreppstjóri þannig tekið $\frac{1}{3}$ hluta, en sýslunefndin í N.-sýslu hafði í úrskurði sínum um sveitarreikning N.-hrepps fyrir nefnt ár ákveðið að optnefndur hreppstjóri skyldi skila aptur þessum hluta andvirðis óskilafjár, er selt var 1895. Í tilefni af þessum úrskurði sýslunefndarinnar, sbr. brjef mitt frá 2. febr. 1895 (Stj.tíð. B. bls. 18), segizt þjer svo hafa skorað á frammannefndan hreppstjóra á hreppsnefndarfundum 14. f. m., að greiða hreppnum aptur það, sem hann virtist hafa tekið um of af andvirði óskilafjár, er selt hefði verið í hreppnum og eigi gengið út, frá því er lögin frá 13. janúar 1882 hefðu öðlazzt gildi og fram að árinu 1895, en hann hafi kveðið nei við áskorun yðar.

Jafnframt þessu hafði þjer, vegna hreppsnefndarinnar í N.-hreppi, spurzt fyrir um það, hvort hreppstjóra N. N. beri eigi að borga aptur til fátækra sjóðs N.-hrepps, að nokkru eða öllu leyti það, sem hann hafi tekið fram yfir 4% af andvirði óútgengins óskilafjár, er selt hefði verið í hreppnum frá því er áður-nefnd lög öðludzst gildi til ársloka 1894.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni, að svara ber játandi framanritaðri fyrirspurn yðar, með því að hreppstjórinn eigi hafði rjett til að reikna sjer annað eða meira af söluverði óskilafjár en venjuleg uppboðslaun, 4 af hundraði, samkvæmt 6. gr. áðursagðra laga, sbr. 15. gr., er meðal annars nemur úr gildi ákvæði 71. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna 10. septbr. 1830, um að $\frac{1}{6}$ hluti andvirðis óskilafjár skuli tilfalla hreppstjóra fyrir gæzlu, auglýsing og sölu þess.

159 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um 28. okt. sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 23. þ. m., er þjer í því látið mjer í tje umsögn yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi (forna), er hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, dagsettum 11. febr. þ. á., um sveitfesti Steinunnar Sigurðardóttur, skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óhaggaður.

*

*

*

Úrskurður amtsins.

Eptir að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hafði lagt undir úrskurð amtsins ágreining milli yðar, velborni herra sýslumaður, og hans um það, hvort Steinunn nokkur Sigurðardóttir frá Vestra-Fíflholti ætti sveit í hinum forna Dyrhólahreppi eða í Vestur-Landeyjahreppi, hef jeg leitað ítarlegra skýrslna, snertandi þetta mál, hjá sýslumanninum í Arnessýslu, og að þeim fengnum úrskurðað það á þessa leið:

Steinunn þessi Sigurðardóttir, sem er sögð hafa orðið vegalaus ásamt 3 óskilgetnum börnum sínum vorið 1893, þá er Jón nokkur Brandsson í Vestra-Fíflholti í Vestur-Land-